

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, svæði norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæði til notkunar að skipulagstímabili loknu breytist í svæði fyrir iðnað til notkunar á skipulagstímabilinu og að hluta til í svæði fyrir opinbera þjónustu. Jafnframt breytist lögun svæðisins að vestan- og norðaustanverðu og vegtenging þvert yfir svæðið frá austri til vesturs fellur niður.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Selfoss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*